

# Að tilheyra, taka þátt og læra

Lokaskýrsla til Sprotasjóðs  
Borgarbyggð



**BORGARBYGGÐ**

**Nafn ábyrgðaraðila – Borgarbyggð**

**Nafn verkefnis – Að tilheyra, taka þátt og læra**

**Nafn verkefnisstjóra – Anna Magnea Hreinsdóttir og Ingvar Sigurgeirsson**

**Númer samnings og ártal – UMS-83, 2019-2021**

## **Efnisyfirlit**

<b>Samstarfsaðilar .....</b>	<b>4</b>
<b>Markmið verkefnis.....</b>	<b>4</b>
<b>Leiðir sem valdar voru til að ná markmiði .....</b>	<b>4</b>
<b>Frávik miðað við áætlun verkefnisins .....</b>	<b>5</b>
<b>Helstu hindranir sem komu upp við vinnu verkefnisins .....</b>	<b>5</b>
<b>Helsti ávinningur við verkefnið.....</b>	<b>5</b>
<b>Niðurstöður verkefnisins .....</b>	<b>6</b>
<b>Mat á verkefninu .....</b>	<b>8</b>
<b>Áætlun um kynningu á verkefninu .....</b>	<b>9</b>
<b>Lokaorð .....</b>	<b>9</b>

## Samstarfsaðilar

Borgarbyggð er ábyrgðaraðili verkefnisins í samvinnu grunnskóla, leikskóla, skólaþjónustu, félagsþjónustu, frístundar, félagsmiðstöðvar, UMSB og Heilbrigðisstofnunar Vesturlands. Vegna COVID-19 varð ekki úr samstarfi við Heilbrigðisstofnun Vesturlands, þar sem mikið álag fylgdi faraldrinum. Verkefnið var unnið á árunum 2019-2021.

## Markmið verkefnis

Markmið verkefnisins er að skólar og frístundastarf í Borgarbyggð komi til móts við náms- og félagslegar þarfir hvers og eins með manngildi, lýðræði og félagslegt réttlæti að leiðarljósi og gengið verður út frá því að allir fái jöfn eða jafngild tækifæri til náms og frístunda. Sérstök áhersla var lögð á virka þátttöku nemenda og sjónarmið þeirra fengin með viðurkenndum aðferðum.

## Leiðir sem valdar voru til að ná markmiði

Í fyrsta lagi hefur verið unnið að því að starfsfólk leikskóla, grunnskóla, frístunda- og íþróttastarfs í samvinnu við skólaþjónustu og félagsþjónustu Borgarbyggðar öðlist sameiginlegan skilning á því hvernig nám og frístundastarf getur tekið mið af fjölbreyttum barna og ungmennahópi. Sátt hefur myndast um eftirfarandi skilning á því hvernig fjölbreyttum þörfum barna og ungmenna verður best mætt í skóla- og frístundastarfi:

*Hugmyndafræði menntunar fyrir alla miðast við það að öll börn og ungmenni séu virkir fullgildir þátttakendur í skólasamfélaginu. Margbreytileikinn verður þannig viðurkenndur sem hið venjulega. Slíkur skóli tryggir öllum nemendum nám við hæfi, og árangursríka kennslu sem tekur mið af þörfum hvers og eins, sem og nauðsynlegan stuðning.*

Í öðru lagi er markmið verkefnisins að styðja við þróun skólastarfs fyrir alla nemendur í Borgarbyggð og að byggja upp þekkingu innan skólanna á skapandi og sveigjanlegu námsumhverfi sem hentar fjölbreyttum nemendahópi.

Í þriðja lagi hefur verið farið yfir framboð og innihald íþrótt- og frístundastarfs með það fyrir augum að styrkja þá sem að því koma til að mæta fjölbreyttum barna og ungmennahópi.

Í fjórða lagi hefur fjölbreytt stoðkerfi verið þróað og sveigjanlegir kostir á stuðningi vegna einstakra nemenda fyrir kennara í Borgarbyggð. Einnig hefur átt sér stað virkt samtal um hlutverk skólaþjónustu og aukna samvinnu félagsþjónustu og skólaþjónustu, því oft liggur vandi nemenda heima. Sótt hefur verið eftir fræðslu og ráðgjöf til sérfræðinga. Stórt skref verður tekið í átt að aukinni samvinnu félagsþjónustu og skólaþjónustu innan fjölskyldusviðs Borgarbyggðar með ráðningu málstjóra frá 1. ágúst 2020.

Í kjölfarið heldur áfram sú vinna sem hafin er að greina verkefni fjölskyldusviðs til að

mæta þörfum íbúa m.a. fyrir uppeldisráðgjöf fyrir foreldra, kennsluráðgjöf fyrir skóla, um mikilvægi heilsueflingu og þátttöku í íþrótt- og tómstundastarfi svo eitthvað sé nefnt. Sú vinna tekur mið af forvarnarstarfi og snemmtækri íhlutun. Sérstök áhersla hefur verið lögð á að teymin þrói áfram kennsluhætti sem henta fjölbreyttum nemendahópum. Hér má nefna að koma enn betur til móts við nemendur af erlendum uppruna, nemendur sem standa námslega illa eða glíma við áhugaleysi eða skólaforðun. Þá má nefna nemendur sem glíma við geðræn vandkvæði og samskiptavanda, sem og bráðgera nemendur. Í þessu sambandi er forgangsverkefni að samhæfa betur stoðþjónustu og almenna kennslu og huga betur að skipulagi námsumhverfis sem hentar kennslu í fjölbreyttum námshópum.

### Frávik miðað við áætlun verkefnisins

Þegar ljóst varð að ekki næðist sá árangur á þessu skólaári, við að efla foreldrasamstarf, sem að var stefnt, var ákveðið að nota tímann til að undirbúa átak á næsta skólaári, jafnvel strax í haust. Ráðist var í að kanna sérstaklega hvað gert hefur verið í öðrum skólum til að efla samstarf heimila og skóla og þótt hefur gefast vel. Niðurstöður þessarar eftirgrennslan má sjá á þessari síðu: <https://skolastofan.is/hvernig-eflum-vid-samstarf-vid-foreldra/>. Meðal þeirra hugmynda sem áhugi er á að hrinda í framkvæmd eru morgunfundir foreldra með skólastjóra og menntabúðir fyrir foreldra (t.d. í samstarfi við foreldrafélögin), auk þess sem nemendastýrð foreldraviðtöl verða fest enn betur í sessi. Þá má nefna uppeldisnámskeið fyrir foreldra sem skólaþjónustan gæti boðið upp á. Eins að bjóða foreldrum oftari í skólana til að sjá afrakstur af vinnu barnanna.

### Helstu hindranir sem komu upp við vinnu verkefnisins

COVID-19 faraldurinn og sóttvarnarráðstafanir tengdar honum hafa haft töluverð áhrif á verkefnið og þróun þess. Ráðgjafi verkefnisins hefur ekki haft tækifæri til að heimsækja skólana eins oft og reiknað var með og ekki hefur reynst unnt að nýta skipulagsdaga í fræðslu fyrir starfsfólk eins og áætlað var. Eins og fyrr segir taldi einn samstarfsaðili verkefnisins sig ekki hafa svigrúm til að taka þátt í verkefninu vegna faraldursins. Þrátt fyrir þetta er ánægjulegt að sjá að margt hefur áunnist.

### Helsti ávinningur við verkefnið

Helsti ávinningur verkefnisins hefur verið að vinna á markvissan og skipulegan hátt að markmiðum þess. Með því að vinna að afmörkuðu þróunarverkefni á þennan hátt skapast sameiginleg sýn innan stofnanna sveitarfélagsins um hvernig betur má koma til móts við fjölbreyttar þarfir barna og ungmenna í skóla- og frístundastarfi.

Annar ávinningur af verkefninu er samtal þeirra sem koma að börnum og ungmönnum í sveitarfélaginu um þarfir þeirra og hvernig þeim verði best mætt. Ígrundun og þróun starfshátta hefur fylgt samtalinu. Verkerflar hafa einnig verið endurskoðaðir, bættir og þeim breytt í takt við nýja tíma.

## Niðurstöður verkefnisins

Í Borgarbyggð hefur verið lögð áhersla á kennsluhætti sem styðja við fjölbreytta barna og ungmennahópa og hugmyndafræði skóla fyrir alla. Má þar helst nefna:

- Styrkleikamiðaða nálgun
- Teymiskennslu kennara og annarra starfsmanna
- Ábyrgð umsjónarkennara á öllum nemendum
- Fjölbreytta kennsluhætti með starfsþróun sem bætir í verkefnakistu kennara
- Góðan skólabrag sem einkennist af umburðarlyndi, vináttu og virðingu
- Sameiginlegri ábyrgð foreldra, nemenda og skóla á uppeldi og námi nemenda

Farið hefur verið í sameiginlegt átak til að greina og mæta áhugasviði barna og ungmenna fyrir tólmstunda- og íþróttaiðkun með því meðal annars að heimsækja grunnskólana og leggja kannanir fyrir ungmennin.

Búið er að fara yfir móttökuáætlanir leikskóla og grunnskóla með það fyrir augum að taka sem best á móti tví- og fjöltyngdum börnum og þær uppfærðar. Unnið hefur verið að móðurmálskennslu fyrir fjölmennustu hópa tvítyngdra barna frá Svíþjóð, Þýskalandi, Frakklandi og Póllandi. Er litið á þessa kennslu sem byrjun í almennri móðurmálskennslu fyrir alla tvítyngda nemendur. Unnið hefur verið með viðhorf og samskipti þeirra sem að börnum og ungmennum koma. Áfram verður unnið að stefnu sveitarfélagsins um fjölmenningarlegt skóla- og frístundastarf og mun sú vinna taka mið af stefnu um menntun barna og ungmenna með fjölbreyttan tungumála- og menningarbakgrunn.

Leitað var til Ingvars Sigurgeirssonar, prófessors við Háskóla Íslands, til að fylgjast með framvindu skólaþróunarverkefna í grunnskólunum og veita kennurum og stjórnendum ráðgjöf um þá þætti sem áhersla hefur verið lögð á hverju sinni; á þessu ári þróun teymiskennslunnar og hvernig til tekst við að koma til móts við þarfir allra nemenda. Ingvar hefur heimsótt skólana, fylgst með kennslu og átt í framhaldi af því fundi með kennarateymum og stjórnendum. Meginniðurstaða úttektar vorið 2020 er að allt bendir til þess að teymiskennsla hafi náð að festa rætur í báðum skólanum, m.ö.o. að skólarnir séu orðnir teymiskennsluskólar. Sjá nánar um þetta í áfangaskýrslunni Teymiskennsla og skóli án aðgreiningar í grunnskólum Borgarbyggðar (Ingvar Sigurgeirsson og Anna Magnea Hreinsdóttir, 2020).

Unnið er að gerð verkferla og að koma á fót hugmyndabanka um hvernig nemendum með fötlun og nemendum með erlendan bakgrunn sé best mætt í íþrótt- og frístundastarfi. Einnig er unnið að gerð móttökuáætlunar í samstarfi Borgarbyggðar og UMSB um íþrótt- og frístundastarf, en stefna í málaflokknum liggur fyrir.

Úrræði innan skóla eru:

- Deildarstjórar sérkennslu sem hafa það hlutverk að bera ábyrgð á sérkennslumálum og vera faglegir ráðgjafar. Einnig eiga þeir að sinna kennslufræðilegri forystu og fylgjast með á vettvangi.

- Proskapjálfar starfa með teyllum og með einstaka fatlaða nemendur og felur starf þeirra í sér umsjón verkefna og samræmingu faglegs starfs í grunnskólanum. Hann þarf einnig að veita ráðgjöf og leiðsögn til þeirra aðila sem hann starfar með og eiga þeir að standa vörð um réttindi nemenda með fötlun og sérþarfir og stuðla að því að þeir njóti góðrar þjónustu.
- Sérkennarar sjá um þá nemendur sem þurfa aðlagð námsefni, sinna kennsluráðgjöf því tengdu og vinna að einstaklingsáætlunum fyrir nemendur í samráði við umsjónarkennara og aðra sem að málinu koma.
- Stuðningsfulltrúar sem hafa það hlutverk að taka þátt í starfi innan skólans, aðstoða kennara við að framfylgja námsáætlunum, ásamt því að auka færni og sjálfstæði þeirra nemenda sem þurfa stuðning.
- Báðir skólarnir hafa boðið upp á velferðarkennslu. Í Grunnskólanum í Borgarnesi hefur verið þróað námstilboð sem byggir á iðkun núvítundar, hugleiðslu og jóga. Í skólanum er sérstök stofa fyrir þessa kennslu, sem kennd er við Búbblu. Allir nemendur skólans hafa tækifæri til að fara í slökun í Búbblunni og einnig eru tímar í boði fyrir starfsfólk skólans. Í Grunnskóla Borgarfjarðar er velferðarkennsla einnig í boði. Aðstaða fyrir Búbblu er á Kleppjárnsreykjum og er verið að þróa aðkomu velferðarkennara á allar starfsstöðvar.

Úrræði innan skólajónustu eru:

- Fræðslustjóri sem sér um ráðgjöf og stuðning við stjórnendur og skólastarf, umsjón með endurmenntun og þróunarstarfi og sinnir eftirliti og stefnumótun.
- Verkefnastjórar skóladeildar sinna stuðningi við starfsfólk skóla, sitja teymisfundi og fylgja eftir greiningum og ráðgjöf sálfræðinga.
- Kennsluráðgjafar sem starfa í verktöku ýmist með ráðgjöf í einstökum málum, um skólalæruverkefni eða með sí- og endurmenntun.
- Námsráðgjafi veitir meðal annars ráðgjöf varðandi nám, námstækni og námsvenjur. Einnig persónulega ráðgjöf og stuðning við nemendur. Hann situr í nemendaverndarráði skólans.
- Sálfræðingar starfa í verktöku og sinna skimunum og greiningu ásamt ráðgjöf og eftirfylgd.
- Talmefnafræðingar starfa í verktöku og sinna skimunum og greiningu ásamt ráðgjöf og fræðslu við einstaka kennara og starfsmannahópa.
- Atferlisráðgjafi starfar í verktöku og veitir ráðgjöf um einstaka barn og starfsaðferðir skóla.

Málstjóri sér um að börn og foreldrar hafi greiðan aðgang að samþættri þjónustu við hæfi og stýrir þróunarverkefni um samþættingu skóla og velferðarþjónustu í anda snemmtækrar íhlutunar. Félags- og barnamálaráðherra hefur lagt fram frumvarp til laga um samþættingu þjónustu í þágu farsældar barna. Um er að ræða nýja heildarlöggjöf sem ætlað er að ná utan um samþættingu allrar þjónustu í þágu farsældar barna. Samþætting þjónustunnar grundvallast á samvinnu þvert á kerfi. Þjónustan er í þremur stigum, á fyrsta stigi er grunnþjónusta og snemmbær stuðningur

og þá er gert ráð fyrir að barn og fjölskyldur hafi tengilið. Á öðru og þriðja stigi er veittur markvissari og sérhæfðari stuðningur og málstjóri heldur utan um stuðningsteymi og sér um gerð og eftirfylgni stuðningsáætlunar.

### **Sjónarmið og þátttaka barna og ungmenna**

Sérstök áhersla var lögð á sjónarmið nemenda og þátttöku. Nemendur eiga rétt á því að koma sjónarmiðum sínum á framfæri varðandi námsumhverfi, námstillhögun, fyrirkomulag skólastarfs og aðrar ákvarðanir sem snerta þá. Rannsóknir sýna að börn eru að jafnaði ekki upptekin af fötlun sinni, bakgrunni eða sérþörfum og virðast álfta að daglegt líf sitt sé líkt og hjá öðrum börnum. Einnig hefur komið fram að börn með sérþarfir vilja fylgja jafnöldrum sínum í sem flestum daglegum athöfnum í skólanum. Oft eru kennarar og annað starfsfólk ekki nægilega meðvitað um þarfir barna og ungmenna, áhugasvið og langanir og því mikilvægt að leggja sérstaka áherslu á að fanga sjónarmið þeirra. Raddir nemenda eiga að heyrast til að þeim finnist þeir vera hluti af heild og að þau geti haft áhrif með þátttöku í skólastarfi. Viðhorf kennara þurfa að vera opin og sveigjanleg gagnvart þeim fjölbreytta nemendahóp sem þeir hafa á sinni könnu. Það er ein grunnforsenda þess að geta skipulagt skólastarf sem tekur mið af fjölbreyttum bakgrunni og þörfum barna og ungmenna.

Sérstök áhersla var lögð á þennan þátt í verkefninu og fræðsla veitt til kennara og annars starfsfólks um að ná sjónarmiðum barna og ungmenna í daglegu skóla- og frístundastarfi með það að markmiði að öll börn upplifi að þau tilheyrir og að þau geti tekið virkan þátt. Reglulegir bekkjarfundir eru fastur liður í starfinu í báðum skólunum og hið sama má segja um samningu bekkjarsáttmála á hverju hausti. Hafa nemendafélögin verið virk í vetur og hist einu sinni í viku.

Til að virkja nemendur enn frekar hafa nemendastýrið foreldraviðtöl verið þróuð hjá ákveðnum árgöngum og nemendakynntar námsefniskynningar fyrir foreldra. Í Grunnskólanum í Borgarnesi hafa umsjónarkennarar átt einkasamtöl við nemendur tvisvar á ári þar sem rætt er meðal annars um líðan, samskipti og markmið (nemendasamtöl). Aukið hefur verið við valnámskeið og nefndir þar sem nemendur fá virk hlutverk. Að hausti móta nemendur bekkjareglur og samskiptasáttmála og vinabekkir eru virkir í skólunum. Þá hafa nemendur fengið tækifæri til að glíma við viðfangsefni á eigin áhugasviði (einkum í Grunnskóla Borgarfjarðar) og aukin áhersla hefur verið lögð á skapandi skil í báðum skólunum. Eins hefur áhersla á virkni nemenda í Grænfánaverkefnum verið aukin.

### **Mat á verkefninu**

Eins og niðurstöður verkefnisins sýna hefur margt áunnist í verkefninu þrátt fyrir COVID-19. Niðurstöður Skólapólísins sýna að nemendur telja sig hafa meiri áhrif á skólastarfið en áður. Komið hefur í ljós að til að ná markmiðum verkefnisins um að skólar og frístundastarf í Borgarbyggð komi til móts við náms- og félagslegar þarfir hvers og eins og að allir fái jöfn eða jafngild tækifæri til náms og frístunda þarf að auka



samstarf við foreldra. Áætlað var að leggja sérstaka áherslu á þann þátt veturinn 2020-2021. Margar hugmyndir hafa verið uppi um leiðir til að efla samstarfið en mörgum kennurum hefur fundist sumir foreldrar áhugalitlir um nám barnanna og skólastarfið. Covid setti mikið strik í þennan reikning og því reyndist ekki unnt að sinna þessum þætti eins og að hefði verið stefnt. Hér má þó nefna nemendastýrða foreldrafundi og námsefniskynningar, sem nefnt var hér að framan og þóttu takast sérstaklega vel. Vísað er í framvinduskýrslu frá árinu 2020 varðandi mat á fyrra ári verkefnisins.

### Áætlun um kynningu á verkefninu

Ingvar Sigurgeirsson hefur birt ritrýnda grein um teymiskennslu í Netlu, sem að hluta til byggir á þessu verkefni. Verkefnið hefur elnnig verið kynnt á fundum mennta- og menningarmálaráðuneytisins í verkefninu *Ráðstöfun fjármuna í grunnskóla fyrir alla*. Að auki hefur það verið rætt og kynnt á árlegum fundi Grunns, félags fræðslustjóra og stjórnenda skólaskrifstofa.

### Lokaorð

Ljóst er að án styrks frá Sprotasjóði hefði þetta verkefni ekki orðið að veruleika og þökkum við því veittan stuðning. Styrkurinn hefur sannarlega gefið skólum og frístundastarf í Borgarbyggð tækifæri til að koma betur til móts við náms- og félagslegar barna og ungmenna í sveitarfélaginu. Áfram verður hlúað að þeim sprotum sem mynduðust víða í verkefninu í samstarfi skóla og foreldra.

Frekari upplýsingar veitir Hlöðver Ingi Gunnarsson, sviðsstjóri fjölskyldusviðs Borgarbyggðar, netfang [hlodver.gunnarsson@borgarbyggd.is](mailto:hlodver.gunnarsson@borgarbyggd.is)

Borgarbyggð, 21. apríl 2021.

Ingvar Sigurgeirsson  
Helga J. Svavarsd.  
Julia Guðjónsdóttir